

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Uxahryggur 2, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 10. mars 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir Uxahrygg 2. Gert er ráð fyrir tveim byggingarreitum á lóðinni; nyrðri og syðri, sem eru aðskildir með vegslóða, sem fyrir er á skipulagssvæðinu. Innan nyrðri byggingarreits er gert ráð fyrir skemmu en einbýlishúsi og gróðurhúsi innan syðri byggingarreits. Aðkoma að svæðinu er frá Landeyjavegi (252). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 20. maí 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júní 2022